

Ed.

411. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29, 3. nóv. 1915.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin í heild sinni er ekki sammála nema um sum atriði þessa frumvarps, eins og sýnt verður hér á eftir.

Tveir nefndarmenn (Jóh. Jóh. og J. J.) telja 1. gr. frv., eins og lagt er til, að hún verði, líklega til sparnaðar, með því að flýta störfum þingsins, sem síst er vanþörf á, en E. P. er henni mótfallinn. Um 2. gr. frv., eins og lagt er að hún verði, eru E. P. og J. J. sammála; telja hana líklega til sparnaðar, með því að fyrirbyggja stundum óþarfar ræður, en Jóh. Jóh. er henni mótfallinn. Um 3. gr. frv., eins og lagt er til, að hún verði, er nefndin öll á einu máli. Væntir hún, að slík breyting myndi bæta vinnubrögð þingsins.

Nefndin leggur því til, að frv. orðist eins og greinir í eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr. Greinina skal orða svo:

Upphaf annars málsliðs 16. gr. orðist þannig:

Fjárveitinganefnd neðri deildar skal skipuð í lok hvers þings fyrir það þing, er halda skal næst á eftir, og gegna hinir kosnu menn nefndarstörfum á því þingi, nema nýjar kosningar hafi farið fram síðan þeir voru kosnir. Skal nefndin síðan koma saman í Reykjavík 14 dögum fyrir samkomutíma Alþingis og taka þá til nefndarstarfa.

Að öðru leyti skal skipa fastanefndir á öðrum þingfundi hvorrar deildar, og fjárveitinganefnd neðri deildar á fyrsta þingi eftir nýafstaðnar kosningar fyrir það þing.

2. Við 2. gr. Greinina skal orða svo:

34. gr. orðist þannig:

Þingmaður, sem hefir óskað að taka til máls og fengið leyfi til þess, skal stíga í sjerstakan, þar til gerðan ræðustól.

Skal hann ávalt víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins. Eigi má hann annars ávarpa neinn einstakan þingmann með nafni, og kenna skal þingmann við kjördæmi sitt eða kosningu.

3. Við 3. gr. Greinina skal orða svo:

Í stað annarar málsgreinar í 35. gr. komi þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ráðherrar mega tala svo oft og lengi sem þeim þykir þurfa.

Framsögumaður meiri og minni hluta nefndar og flutningsmaður

máls mega tala lengst eina klukkustund í senn við frumræðu hvers máls og framsögumenn fjárveitinganefnda tvær klukkustundir.

Aðrar ræður mega ekki standa lengur yfir en hálf klukkustund og stuttar athugasemdir ekki lengur enn fimm mínútur.

Alþingi, 19. apríl 1924.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Jónas Jónsson,
framsögumaður.

Eggert Pálsson,
fundaskrifari.